

Alþingi
Erindi nr. P 140/2166
komudagur 8.S. 2012

Fwd: Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Drífa Thoroddsen [drifa11@lhi.is]

Sent: 8. maí 2012 22:47

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Ég undirrituð, Drífa, er mótfallin því að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel að það eigi frekar heima í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni við höfuðborgina og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Einnig má geta þess að mikill fjöldi ferðamanna kom á svæðið síðastliðið sumar (um 120 þús)

Það er einfaldlega rangt – ef ekki galið – að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði á tímum þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt er að ferðast um langan veg til að njóta óspilltrar náttúru. Náttúruvæði í námunda við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari en einmitt nú.

Eldvörp ættu einnig skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess má ekki undir nokkrum kringumstæðum hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,

Drífa Thoroddsen
kt. 131091-2659
Fálkagata 18 A, 107 Reykjavík